

Fundargerð 557

Fimmtudaginn 15. janúar 2026 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldór Gunnar Ólafsson (HGÓ) formaður, Heiða Ingimarsdóttir (HI), Margrét Sanders (MS), Sigríður Ólafsdóttir (SÓ) varamaður, Steindór R. Haraldsson (SRH) og Unnar Hermannsson (UH) varamaður.

Haraldur Benediktsson og Heiðbrá Ólafsdóttir boðuðu forföll og sátu varamenn þeirra fundinn.

Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Pétur Friðjónsson (PF) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 7), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs, Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 7) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:35 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Skýrsla regluvarðar og erindisbréf - til afgreiðslu
2. Endurskoðun á stefnu/reglum Byggðastofnunar um meðferð kvartana - til afgreiðslu
3. Endurskoðun á verklagsreglum um umsjónarmann áhættustýringar - til afgreiðslu
4. Lánamál
 - a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
 - b. Málskot til stjórnar - til afgreiðslu
 - c. Endurskoðun lánaflokksins til stuðnings atvinnurekstri kvenna - til afgreiðslu
5. Eignarhaldsfélag Suðurnesja - til afgreiðslu
6. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
7. Viðhorf til Byggðastofnunar - til kynningar
8. Önnur mál
9. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Skýrsla regluvarðar og erindisbréf - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur skýrsla regluvarðar 2026 vegna ársins 2025 og erindisbréf regluvarðar sem HÁ kynnti.

Lagt er til að Hjalti Árnason verði skipaður regluvörður Byggðastofnunar og Guðbjörg Sigurbjörnsdóttir vararegluvörður.

Enginn tók til máls.

Formaður bar upp erindisbréf regluvarðar og var það samþykkt samhljóða.

2. Endurskoðun á stefnu/reglum Byggðastofnunar um meðferð kvartana - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur uppfærð stefna og reglur Byggðastofnunar um meðferð kvartana sem HÁ kynnti.

Uppfærslan er eingöngu vegna breytinga á ytra regluverki en engar efnislegar breytingar eru gerðar.

Til máls tók MS.

Formaður bar upp uppfærðar reglur um meðferð kvartana og voru þær samþykktar samhljóða.

3. Endurskoðun á verklagsreglum um umsjónarmann áhættustýringar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðmanns rekstrarsviðs og uppfærðar reglur um umsjónarmann áhættustýringar sem MH kynnti.

Skv. reglum um umsjónarmann áhættustýringar sem samþykktar voru af stjórn Byggðastofnunar 20. janúar 2023 skal yfirfara verklagsreglurnar að minnsta kosti árlega og uppfæra ef við á og leggja fyrir stjórn Byggðastofnunar til samþykktar. Séu engar breytingar gerðar verði verklagsreglurnar lagðar fyrir stjórn til staðafestingar.

Ekki er um viðamiklar breytingar að ræða. Þó er bætt við í verkefni umsjónarmanns áhættustýringar að sitja fundi í áhættumatsnefnd án ákvörðunarvalds, kynna stöðu áhættustýringar og fara yfir áhættuskýrslu ársfjórðungslega áður en hún er kynnt fyrir stjórn, og veita áhættumatsnefnd ráðgjöf eftir þörfum. Þá er bætt við því verklagi sem hefur viðgengist að umsjónarmaður áhættustýringar kynni fyrir stjórn ársfjórðungslega stöðu helstu áhættuþátta gagnvar markmiðum í áhættustefnu.

Enginn tók til máls.

Formaður bar upp verklagsreglur um umsjónarmann áhættustýringar og voru þær samþykktar samhljóða.

4. Lánamál

a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 44/25 - 46/25 sem HP reifaði.

Enginn tók til máls.

b. Málskot til stjórnar - til afgreiðslu

....

....

c. Endurskoðun lánaflokksins til stuðnings atvinnurekstri kvenna - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns fyrirtækjasviðs um lánaflokkinn lán til stuðnings atvinnurekstri kvenna sem HP kynnti.

Lán til atvinnureksturs kvenna hefur verið mikilvæg viðbót til að efla atvinnu kvenna í landsbyggðunum. Lagt er til að heimila lánanefnd að veita áfram þau lán, þá án bakábyrgðar, á meðan ekki liggur fyrir samþykki EIF á umsókn um hækkun á núverandi ábyrgðasamkomulagi InvestEU.

Til máls tóku AME og SRH.

Formaður bar upp tillögu um að heimila lánanefnd að veita áfram lán úr flokksnum án ábyrgðar InvestEU og var það samþykkt samhljóða.

5. Eignarhaldsfélag Suðurnesja - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns fyrirtækjasviðs og bréf frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um eignarhlut Ríkissjóðs í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja hf. sem HP kynnti

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi Byggðastofnun erindi 3. desember sl. varðandi eignarhlut ríkissjóðs í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja (ES) en ríkið á 48,13% hlut í félaginu. ES er eina eignarhaldsfélagið þar sem ríkissjóður fer með beinan eignarhlut og er afstaða ríkisins sú að ekki sé lengur forsvaranlegt að binda fé ríkissjóðs í félaginu og þ.a.l. vill ríkið losa um sinn eignarhlut.

Tillaga ráðuneytisins gengur út á að félagið kaupi eigin bréf af ríkissjóði og greiði fyrir hann hlutfall eignarhlutarins í markaðsverðbréfum eða 135,5 m.kr. Fjárfestingareignirnar verði eftir í félaginu sem eign allra hluthafa. Félagið getur haldið áfram sinni starfsemi og kannað hvort mögulegt sé að fá nýja hluthafa að félaginu. Samkvæmt lögum má félagið halda á eigin bréfum umfram 10% hlut í að hámarki 6 mánuði en að þeim tíma liðnum þyrfti að færa bréf umfram 10% hlut niður. Til að þessi tillaga nái fram að ganga þarf hluthafafundur að samþykkja heimild til handa stjórnar ES að kaupa eigin bréf.

Óskar ráðuneytið eftir stuðningi Byggðastofnunar til að ná fram markmiðum tillögunnar.

Lagt er til að stjórn Byggðastofnunar samþykki ofangreinda tillögu fjármála- og efnahagsráðuneytisins á næsta hluthafafundi ES.

Til máls tóku MS, AME og SRH.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

6. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar 31. desember 2025 sem SEÞ kynnti.

Til máls tóku HGÓ og SRH.

7. Viðhorf til Byggðastofnunar - til kynningar

PF og SÁ komu á fundinn undir þessum dagskrárlið.

SEÞ fór yfir niðurstöðu á útkomu Byggðastofnunar í Stofnanavita Maskínu.

Fyrir fundinum liggja tvö minnisblöð annars vegar frá forstöðumanni þróunarsviðs vegna tillögu um framkvæmd viðhofs- og traustskönnunar fyrir Byggðastofnun og hins vegar frá sérfræðingi á þróunarsviði og sérfræðingi á fyrirtækjasviði með umfjöllunum um aflamark Byggðastofnunar / sértækan byggðakvóta á undanförunum árum. Í skýrslunni Auðlindin okkar, í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar, í úttekt innri endurskoðunar og í nokkrum kærnumál vegna aflamarksins er meðal annars skoðað verklag og metin áhrif af aflamarkinu sem þeir kynntu.

Til máls tóku HI, SRH, HGÓ og AME.

SRH dró tillögu sína sem lögð var fram á síðasta fundi til baka.

8. Önnur mál

MS spurði út í lántökuheimildir stofnunarinnar sem AME svaraði.

9. Næsti fundur

Næsti fundur er skv. starfsáætlun 26. febrúar og er fjarfundur.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 12:41.

Magnús Helgason, fundarritari

Halldór Gunnar Ólafsson

Heiða Ingimarsdóttir

Margrét Sanders

Sigríður Ólafsdóttir

Steindór R. Haraldsson

Unnar Hermansson